

# Tannlæknafélag Íslands

Fréttabréf 3. tbl. mars 2010

## Frábær skíða- og fræðsluferð hjá Tannlæknafélagi Norðurlands.

Aldeilis fábært skíða- og fræðsluþing var haldið á Akureyri 12.-13. mars sl. Boðið var upp á blöndu af fræðslu og skemmtun. Þingið byrjaði á Hótel KEA með fræðslu á föstudagsmorgni en eftir hádegi



var farið á skíði eða í vélsleðaferð þar sem hestöflin voru ekki spöruð!!! Eftir félagsfund á hótelinu fór hópurinn út að borða á Rub23 þar sem við fengum frábæran mat og góða þjónstu, en þar var hugsað í lausnum við að koma öllum hópnum fyrir..... Laugardagurinn var ekki síðri, áfram fræðsla og síðan skíði eftir hádegi. Einhverjir fóru í leikhús þessi kvöld og síðan toppaði sunnudagurinn allt saman með sól og logni í Hlíðarfjalli. Vonandi verður þetta árviss viðburður í starfsemi TFN sem allir tannlæknar geta notið góðs af.

Takk fyrir!!

Vel var mætt á fyrirlestrana, eins og sjá má.



Á sleðum skemmti ég mér..trall...la.la



Fagurt útsýni -en ekki fyrir lofthrædda.

## Lögmál Paretos, 80 – 20 reglan

Lögmálið um fáa virka og marga óvirka, eða 80-20 reglan er kennd við ítalska verk-fræðinginn Vilfredo Pareto (1848 - 1923). Hann veitti því athygli að 80% af eignum á Ítalíu voru í eigu 20% þjóðarinnar. Pareto tók líka eftir því að í garði hans komu 80% af baunum úr 20% af fræbelgjunum.

Lögmálið er algengt á fleirri sviðum. Algengt er að 80% af veltu fyrirtækis komi frá fimmtingi viðskiptavina, þeirra sem mest kaupa, eða vegna fimmtings af þeim vörum sem mest selst af. Í framleiðslu fer oft 20% tímans í 80% verksins. 80% tímans fer síðan í að ljúka þeim 20% af verkinu sem eftir er. Í fyrirtækjum eru 20% starfsmanna með 80% forfallanna. Í skólastofu fer um 80% af vinnu kennarans að sinna 20% nemendanna. Microsoft hefur tekið eftir því, að með því að lagfæra 20% algengustu agnúanna í forritunum er komið í veg fyrir 80% vandræðanna í tölvunum. Reglan gildir líka í heilbrigðiskerfinu þar sem 80% starfsins fer í að sinna 20% skjólstæðing-anna. Þú, kollega góður, klæðist 20% af fötunum þínu 80% af tímanum og í 80% af frístundunum hittir þú sömu 20% af fólki sem þú þekkir.

Skuldi lögmálið gilda um tannheilsu Íslendinga? Jón Óskar Guðlaugsson verkefnis-stjóri á rannsókn- og þróunarsviði Lýðheilsustöðvar kynnti á fundi TFÍ hinn 18. febrúar 2010 fyrstu niðurstöður rannsóknarinnar „Heilsa og líðan Íslendinga 2007“. Þar kemur í ljós að af 2146 manna úrtaki fólks á aldrinum 51 – 79 ára er fimmti hver tannlaus – 20%, en 80% eru með „starfhæft tannsett“ þ.e. með fleirri en tíu tennur í hvorum gömi. Tilgangur rannsóknarinnar var að varpa ljósi á samband menntunar og munnheilsu. Jón Óskar sagði frá því, að heilsa, þar með munnheilsan, sé að miklu leyti háð félags- og efnahagsstöðu. Beint samband er milli menntunar einstaklinga og fjölda tanna. Í úrtakinu eru fleirri langskólagengnir einstaklingar (~80%) með „starf-hæft tannsett“, en þeir sem hafa styttri skólagöngu (~50%).

Í Morgunblaðinu hinn 6. febrúar 2010 var haft eftir Tryggingatannlækni að „Sjúkratryggingar hafa kynnt kerfi þar sem öllum yrði tryggt þjónusta þeim nánast að kostnaðarlausu“ og að „Tannlæknar hafa ekki viljað setjast niður og ræða þetta fyrirkomulag...“. Sagan endurtekur sig. Stjórnvöld eru hin góðu, en tannlæknarnir hinir vondu. Hugmynd embættismansins - í þessu tilfalli Capitationskerfið - skal í gegn með góðu eða illu. Sjúkratryggingar víða um lönd - líka á Íslandi - virðast trúa því að hið hefð-bundna kerfi „fee for service“ eins og tíðkast í frjálsum lækningum ýti undir fégirmi, stuðli að óþarfa læknisverkum og frjálslægri reikningsgerð. Um Capitation var fjallað á félagsfundi hinn 10. desember 2009 og má sjá fundargerðina á vefsíðu TFÍ.

Undir Capitation er hætt við að þau 20% einstaklinga, sem mest þurfa á þjónustunni að halda fái hana ekki. Þetta eru börnin sem skila sér ekki í reglulegt eftirlit. Börnin frá fjölskyldum sem hafa minnsta menntun, lægstar tekjur og sem slást við ýmis vandamál. Tannlæknaheimsóknir eru ekki efst á listanum, nema verkir reki börnin af stað og bókaðir tímar vilja „gleymast“. Þessi börn þurfa tíða og endurtekna aðlögun og mikla mildilega meðferð hjá sínum nærgætta tannlækni. Hætt er við að samviskusamur tannlæknir með góðan ásetning í byrjun gefist upp við að leggja sig fram þegar hann fær ekki sanngjarna þóknun fyrir verk sín og hætt er við að með tímanum verði ekki allir jafnvelkominir í sjúklingahópinn. Meðvitað eða ómeðvitað er hætt er við að: „under-prescribe, under-diagnose, and under-treat patients to reduce costs, and therefore maximize net profit“. Tilvitnunin er af vefsíðu ADA, <http://www.ada.org>.

Börkur Thoroddsen.

## Rafræn tenging við Sjúkratryggingar Íslands- Umsókn um rafræna tengingu þarf að senda inn.


Rafræn tenging við S.Í. er hægt og bítandi að komast á. Tannlæknar þurfa að senda inn skriflega beiðni um rafræna tengingu við Sjúkratryggingar en eyðublað til þess hefur verið sent í tölvupósti til tannlækna. Ef einhverja vantar þetta eyðublað er hægt að fá það sent aftur í tölvupósti. Tannlæknar þurfa hins vegar að senda það útfyllt til Sjúkratrygginga Íslands með pósti. Í kjölfarið er sent lykilorð til tannlækna sem þeir nota til að tengjast Gagnagátt Sjúkratrygginga Íslands(sjukra.is). Nú þurfa tannlæknar að senda sem fyrst inn þetta eyðublað, en nú hafa 104 af þeim 205 tannlæknum sem eru aðilar að rammisamningi við S.Í. sótt um rafræn samskipti. Rafræn samskipti við S.Í koma til með að vera mikilvæg fyrir tannlækna því nú eru bundnar vonir við að hægt verði að sækja í framtíðinni upplýsingar í Gagnagáttina um þau börn sem hafa skráð viðkomandi tannlækni sem sinn heimilistannlækni. Þannig verði tannlækni gert kleift nálgast upplýsingar um þau börn sem eru skráð á hann. Börn og forráðamenn þeirra þurfa að gefa upp heimilistannlækni í t.d. í ungbarnaskoðunum og sama má segja hjá skólahjúkrunarfræðingum. Þessar skráningar kæmu þá fram í Gagnagáttinni. Markmiðið með þessu er að auka heimtur barna til tannlækna.

## Heimasíður tannlækna –senda inn krækjur.

Okkur á skrifstofunni vantar krækjur á heimasíður tannlækna. Getum þá sett þessar krækjur á heimasíðu Tannlæknafélagsins hjá viðkomandi tannlækni.

## VEIT-reglur. Byrjum að safna punktum.

Vekjum athygli á að nú er nýtt Veit-tímabil hafið. Tímabilið er yfir 2 ár og þarf 50 punkta til að fá viðurkenningu. Tannlæknar eru hvattir til að sækja viðburði hvort heldur hér heima eða erlendis og einnig fundi í tannlæknaeild eða á vegum Tannlækningastofnunar. Mikilvægt er að tannlæknar stundi virka endurmenntun sjálfum okkur og sjúklingum okkar til hagsbóta



An impression sent to a lab (notice the blood, cord, and cotton rolls)

## Sendum hreint frá okkur.

Að gefnu tilefni viljum við benda tannlæknum á að skila frá sér mátum af tönnum og öðru sem fer til tannsmiða á sómasamlegan hátt.

Óskemmtilegt er fyrir tannsmiði og aðra að þurfa að meðhöndla blóðug mát af tönnum eða löðrandi í munnvatni. Höfum fyrir reglu í það minnsta að skola vel af mátum eftir að búið er að fjarlægja úr munni.

## Tvöföldun á kostnaði við efniskaup.

Í mars 2009 birtí ég litla könnun á nokkrum vörum sem algengar eru á tannlæknastofum. Þá kom í ljós gríðarleg hækkun á aðföngum frá árinu 2006. Nú í mars árið 2010 skoðaði ég aftur verð á sömu vörum og árin 2006 og 2009 og athugaði hvað gengi dollars og evru hefur hækkað mikið á sama tímabili. Taflan og línuritíð tala sínu máli en margar undarlegar hækkanir eru greinilegar. T.d. hafa deyfilyf hækkað mun meira en gengið og á sama tímabili hefur flúorlakk hækkað um tæplega 200% hvernig svo sem eiginlega stendur á því. Til umhugsunar er 1% hækkun á virðisaukaskatti og einnig má spyrja birgja hvernig þeir reikna út álagningu. Ef álagning er reiknuð með prósentuútreikningi er líklegt að heildsali fái fleiri krónur til sín ef innkaupsverð er hærra en fyrir gengishrun. Telja mætti sanngjarnara að álagning væri með fastri krónutölu.


Nokkuð ljóst er að tannlæknar hafa almennt stillt í hóf verðhækkunum á stofum sínum og því tekið á sig verulega launaskerðingu eins og margar aðrar stéttir. Þetta höfum við gert skjólstæðingum okkar til hagsbóta og vonandi hafa birgjar sömuleiðis reynt að stilla sínum hækkunum í hóf, því öll sitjum við í sömu súpunni á þessu landi.

Hag- og rekstrarnefnd Tannlæknafélagsins hefur gefið mér þær upplýsingar að hækki efniskaup tvöfalt þýðir það 8% hækkun á tímaeiningu. Þetta þýðir að til að mæta tvöföldun á efniskostnaði þyrfti tannlæknastofa að hækka tímaeiningu sína um 8% yfir sama tímabil. Þessi hækkun er fyrir utan allt annað sem mögulega hefur hækkað eins og t.d. fjármagnskostnaður, leiga húsnæðis, tryggingagjald, launahækkanir starfsfólks, o.s.frv.

Allar vörur voru með sömu vörunúmerum frá heildsölum og því alltaf borin nákvæmlega sama varan. Vörurnar eru frá nokkrum birgjum sem selja tannlæknum vörur.

Sigurður Benediktsson

	mar.06	mar.07	mar.08	mar.09	mar.10	hækkun 2006 - 2010
Evra	77,25	87,64	99,8	143,19	174,69	126,14%
Dollari	64,71	66,27	65,63	112,96	128,32	98,30%



Heiti á vöru	Verð mars 2006	Verð mars 2009	hækkun %	Verð mars 2010	hækkun % frá 2006	
<b>Abutment</b>	15.625 kr.	21.527 kr.	37,77%	24.200 kr.	54,88%	
<b>Alginat</b>	1.064 kr.	1.892 kr.	77,82%	2.705 kr.	154,23%	
<b>Bakkaservéttur SDI</b>	1.519 kr.	3.495 kr.	130,09%	2.698 kr.	77,62%	
<b>Bitpappír</b>	909 kr.	1.681 kr.	84,93%	1.958 kr.	115,40%	
<b>Bláar servéttur 500stk</b>	3.311 kr.	6.949 kr.	109,88%	7.004 kr.	111,54%	
<b>Citanest Dent.</b>	4.170 kr.	8.024 kr.	92,42%	10.065 kr.	141,37%	
<b>Etch 30 ml</b>	5.553 kr.	9.762 kr.	75,80%	10.642 kr.	91,64%	
<b>Filtek Z-250</b>	6.358 kr.	11.092 kr.	74,46%	11.904 kr.	87,23%	
<b>Flúorlakk</b>	10.800 kr.	24.180 kr.	123,89%	32.128 kr.	197,48%	
<b>Fuji II LC A2 capsulur</b>	13.826 kr.	22.980 kr.	66,21%	22.831 kr.	65,13%	
<b>Fuji Plus</b>	11.727 kr.	24.962 kr.	112,86%	25.163 kr.	114,57%	
<b>Hanskar latex</b>	477 kr.	994 kr.	108,39%	1.082 kr.	126,83%	
<b>Hanskar vinyl</b>	398 kr.	931 kr.	133,92%	1.199 kr.	201,26%	
<b>Hextril Munnskol</b>	440 kr.	799 kr.	81,59%	852 kr.	93,64%	
<b>Hnífsblöð kirugisk nr.15</b>	479 kr.	1.106 kr.	130,90%	1.195 kr.	149,48%	
<b>Hrærslublokk dycal 12/pk</b>	3.710 kr.	5.227 kr.	40,89%	5.622 kr.	51,54%	
<b>Kodak Insight Ip-01 barna</b>	4.050 kr.	8.780 kr.	116,79%	9.235 kr.	128,02%	
<b>Plastglös blá 1000 í pakka</b>	2.667 kr.	7.193 kr.	169,70%	6.493 kr.	143,46%	
<b>Prophypaste RDA 170 grænn</b>	971 kr.	1.955 kr.	101,34%	2.246 kr.	131,31%	
<b>Saumur Vicryl rapide 4/0 19MM P</b>	6.099 kr.	11.344 kr.	86,00%	10.921 kr.	79,06%	
<b>Sóthreinsunarklútar</b>	971 kr.	1.693 kr.	74,36%	1.795 kr.	84,86%	
<b>Speglar Front surf #4</b>	2.103 kr.	3.836 kr.	82,41%	4.054 kr.	92,77%	
<b>Super Snap mandrels RA</b>	1.511 kr.	3.025 kr.	100,20%	3.527 kr.	133,42%	
<b>Super snaps grænar litlar</b>	1.225 kr.	2.179 kr.	77,88%	2.472 kr.	101,80%	
<b>Tannplanti</b>	25.524 kr.	41.593 kr.	62,96%	47.000 kr.	84,14%	
<b>Ultra Cal XS refill</b>	2.527 kr.	5.318 kr.	110,45%	5.196 kr.	105,62%	
<b>Vattrúllur</b>	1.096 kr.	1.855 kr.	69,25%	2.121 kr.	93,52%	
<b>Xantopren VL plus</b>	2.600 kr.	4.442 kr.	70,85%	6.175 kr.	137,50%	
<b>Xylocain adrenalin</b>	4.457 kr.	10.121 kr.	127,08%	10.880 kr.	144,11%	
<b>Impregum penta</b>	28.807 kr.	33.707 kr.	17,01%	39.683 kr.	37,75%	
<b>Clearfil SE Bond kit</b>	10.900 kr.	18.795 kr.	72,43%	22.873 kr.	109,84%	
	175.874 kr.	301.437 kr.	71,39%	335.919 kr.	91,00%	11,44%

## Kúrsar erlendis á skemmtilegum stöðum.

15. - 17. apríl Kaupmannahöfn- Ärkursus Bella Center.
15. - 17. apríl Genf - ITI world symposium.
22. - 24. apríl Minnesota - Star of the north meeting [star.mndental.org/](http://star.mndental.org/)
30. apríl London - John Kanca er með fyrirlestur um adhesives  
[Independentseminars.co.uk](http://Independentseminars.co.uk)
5. - 7. maí Connecticut - CSDA Annual Meeting.
11. - 13. júní New Jersey - Annual Dental Conference and Expo
24. - 26. júní New York - Nobel Biocare Global symposium 2010  
[Nobelbiocare.com](http://Nobelbiocare.com)
23. - 25. sept. London - European Society of Cosmetic Dentistry  
[Escd.info](http://Escd.info)
7. - 9. okt. Róm - [Expodental.it](http://Expodental.it)  
Ath U2 er með tónleika í Róm 8. okt.
6. - 9. okt. Glasgow - [Eao.org](http://Eao.org)
9. - 12. okt. Orlando - ADA annual session.
14. - 16. okt. London - [Dentalshowcase.com](http://Dentalshowcase.com)
18. - 20. nóv. Stokkhólmi- [Swedental.org](http://Swedental.org)
26. nóv-1. des. New York - Greater NY dental meeting. [Gnydm.com](http://Gnydm.com)
- CRA - Gordon J. Christensen margir staðir í USA,  
<http://www.cliniciansreport.org>

## Á döfinni hér innanlands:

29. apríl - Kynningarfundur, Keystone Dental Implatsystem. Boðið verður upp á léttar veitingar og er aðgangur ókeypis.  
Skráning hjá: [t.k@cdi-dental.com](mailto:t.k@cdi-dental.com)
12. maí - Félagsfundur og skemmtikvöld, makar og gestir velkomnir. Nánar auglýst í næsta Fréttabréfi.
4. júní - Ráðstefna haldin á Hilton fyrir danska og íslenska tannlækna, tannfræðinga og tanntækna  
<http://www.tandlaegenet.dk/content.asp?pRefid=617&pid=686>
10. júní - Sumargrill TFÍ - Fyrilesari frá BNA, George Bogen, rótfyllingasérfræðingur, fjallar um implönt vs endo og uppbyggingar á rótfylltum tönnum.  
Nánar auglýst í næsta Fréttabréfi

## 12. - 13. nóvember - 25. Ársþing TFÍ

## Þjóðskrá - leiðir fyrir tannlækna.

Tannlæknar hafa nýtt sér þjóðskrá í nokkrum mæli undanfarin ár. Uppsetning og hvernig þjóðskrá er sett upp hefur hins vegar verið töluvert ruglingslegt ferli og tannlæknar kannski ekki fengið nógu góðar útskýringar á ferlinu.

Þjóðskrá er gagnagrunnur sem ríkið selur stofnunum og fyrirtækjum aðgang að. Til að fá þjóðskrá í tölvukerfi tannlækna hefur þurft að gera samning við stofnunina þjóðskrá og borga árgjald fyrir hvern notanda. Ef t.d. tveir eða þrjú tannlæknar starfa á sömu stofu þurfa tannlæknar að greiða fullt gjald fyrir einn notanda tölvukerfisins og síðan aukagjald fyrir hvern notanda til viðbótar.

Hér er aðeins búið að gera samning um aðgang að gagnagrunninum gegn áður nefndu árgjaldi. Nú þarf síðan að koma skránni í þann hugbúnað sem er notaður á tannlæknastofunni. Hér þurfum við að fá einhvern aðila sem hefur leyfi til að miðla þjóðskránni og biðja hann um að koma þessu til okkar. Þessir aðilar eru svokallaðir miðlarar, en þeir greiða gjald til ríkisins fyrir það að mega dreifa þjóðskránni til fyrirtækja. Tannlæknar þurfa því að greiða þessum aðilum fyrir þessa miðlun. Það getur verið innifalið í árgjaldi tannlækna hugbúnaðar eða sérstakt gjald sem viðkomandi innheimtir t.d. mánaðarlega o.s.frv.

Innifalið í árgjaldi sem tannlæknar borga þjóðskrá er mánaðarleg uppfærsla á gagnagrunninum og þurfa tannlæknar að fá þessa uppfærslu hjá sínum miðlara.

## Nýr möguleiki.

Nú hefur opnast sá möguleiki að nálgast megi þjóðskrá með uppfletti aðgangi í formi XML-skeyta. Þetta er mjög líklega mun hagstæðari leið en hefðbundinn samningur. Hér væri aðeins greitt fyrir hverja uppflettingu og væri þetta sanngjarnari og auðskiljanlegri aðgangur en nú er. Ekki væri greitt árgjald heldur aðeins lítið gjald fyrir hverja uppflettingu eins og áður sagði. Til að þetta sé mögulegt þarf að gera tiltölulega auðveldu forritunarvinnu á tölvukerfum sem tannlæknar nota og einnig er nauðsynlegt að kerfið sé tengt Internetinu. Nú reynir á þá sem selja forritin Opus, Tannlæknaþjónin og Tannsa, að koma þessum möguleika inn í kerfin og bjóða þannig notendum sínum upp á þessa leið. Ef tannlæknar hafa áhuga á að fá þjóðskrá á þennan hátt þurfa þeir að hafa samband við forsvarsmenn þeirra tölvukerfa sem þeir nota og óska eftir þessum möguleika.

Sigurður Benediktsson

**Skrifstofan verður lokað frá 25. mars til 12. apríl.**

**Félagsmönnum er velkomið að hringja í Anný í síma 897-8774 ef þörf krefur.**